

Alþingi
Erindi nr. Þ 141/837
komudagur 3.12.2012

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. desember 2012

Efni: Umsögn Samtaka verslunar og þjónustu um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 84/2007, um opinber innkaup, 288. mál

SVP – Samtökum verslunar og þjónustu vísa til erindis efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 20. nóvember sl., þar sem óskað er umsagnar samtakanna um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 84/2007, um opinber innkaup, 288. mál.

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu þá eru lagðar til breytingar á ákvæðum laga um opinber innkaup sem ætlað er að fela í sér innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/66/EB um breytingu á tilskipun ráðsins og 89/665/EBE og 92/13/EB að því er varðar aukna skilvirkni í meðferð kærumála vegna gerðar opinberra samninga. Þá er einnig um að ræða einstaka breytingar sem ætlað er að styrkja réttarvörslu við opinber innkaup í samræmi við markmið tilskipunarinnar. Loks er í frumvarpinu að finna tillögur um breytingar á tilteknum ákvæðum laganna með það að markmiði að skýra fyrirbyggjandi framkvæmd betur ásamt því að lögð er til breyting á innlendum viðmiðunarfjárhæðum við verklegar framkvæmdir til hækkunar.

SVP gera ekki sérstakar athugasemdir varðandi efni frumvarpsins og tilgang þeirra breytinga sem þar eru lagðar til. Telja samtökin að nauðsynlegt hafi verið að gera breytingar á fyrirkomulagi og framkvæmd kærumála til hagsbóta fyrir hagsmunaaðila og viðsemjendur hins opinbera. Ráða má að reynslu þeirri sem komin er á framkvæmd opinberra útboða og þeim fjölda mála fyrir kærunefnd útboðsmála að nauðsynlegt hafi verið að bregðast við þeirri slagsíðu sem uppi er hvað þessi mál varðar og er það von SVP að þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu komi til með að skýra enn frekar framkvæmd og meðferð opinberra útboða.

Það er hins vegar skoðun SVP að þrátt fyrir að lög um opinber útboð verði gerð skýrari og bætt úr þeim ágöllum sem á þeim eru þá er eftir sem áður mikilvægt að opinberir aðilar séu meðvitaðir um gildissvið laganna og skyldu þeirra til að fara eftir þeim lögum. Að mati SVP er einmitt víða pottur brotinn hvað varðar slíkt og mikilvægt hagsmunamál að tryggt sé að opinberir aðilar fari í einu og öllu eftir ákvæðum laganna. Sækir sú skoðun samtakanna stöðir í ábendingum aðildarfyrirtækja um slíkt ásamt því að fjöldi mála hjá kærunefnd útboðsmála ber þess einnig merki.

Að öðru leyti gera SVP ekki athugasemdir við framangreint frumvarp til laga.

Virðingarfyllst,
f.h. SVP



Lárus M.K. Ólafsson
lögfræðingur